

## **Söfn og sund í Kópavogi á vetrarhátíð**

**Safnanótt 5. febrúar 2016**

Kvöldopnun í söfnum bæjarins frá klukkan 19 til 24.00. Frítt inn.

### **Gerðarsafn**

19:00

#### **Leiðsögn með Katrínu Elvarsdóttur og Ingvari Högna Ragnarssyni**

Katrín Elvarsdóttir og Ingvar Högni Ragnarsson munu ræða við gesti um ljósmyndasýningar sínar, sem standa samhliða í Gerðarsafni. Katrín Elvarsdóttir sýnir ljósmyndaverkið Margföld hamingja sem hún vann í Kína á árunum 2010-2014. Katrín dregur upp mynd af borg á mörkum þess hversdagslega og skáldaða með portrettmyndum af eldra fólki, náttúru í manngerðu umhverfi, híbýlum og fundnum skúlptúrum. Ingvar Högni Ragnarsson sýnir ljósmyndaseríu sem hann vann í Rúmeníu 2015. Ingvar Högni velur sér að huga að hinu rólega andrými hversdagsleikans í verkum sínum þar sem hann dregur fram persónulegt sjónarhorn á umhverfið og einstaklinginn. Um leið afhjúpar hann flókið samspil samfélagsins og stéttaskiptingar, persónulegar sögur um brostna fortíð eða framtíðarvonir.

20:00 / 21:00

#### **Leiðsögn í listaverkageymslu Gerðarsafns**

Á Safnanótt verður boðið upp á leiðsögn um listaverkageymslur og bakland Gerðarsafns. Leiðsögnin er einstakt tækifæri að líta bakvið tjöldin og bera safneignina augum. Einnig verður litið inn í nýtt safneignarrými Gerðarsafns, +Safneignina, og fræðst um innra starf safna, þar á meðal frágang og umönnun listaverka, skráningu og rannsóknir. Tíu manns komast í hverja leiðsögn og fer skráning fram á staðnum.

19:00-23:00

#### **KLIPP KLIPP - Opín mósaík og klippimyndasmiðja**

Myndlistarmaðurinn Linn Björklund leiðir opna mósaík og klippimyndasmiðju í anda Gerðar Helgadóttur (1928-1975). Í smiðjunni verða gerðar tilraunir með liti og form og vinna gestir og gangandi eina heildstæða veggmynd í sameiningu. Smiðjan er öllum opin kl. 19-23 í Stúdíói Gerðar á neðri hæð Gerðarsafns.

19:00-24:00

## **Sælkerastund í Garðskálanum**

Sælkerastund verður í Garðskálanum á neðri hæð Gerðarsafns á Safnanótt. Þar verða fágætir íslenskir ostar og gæðabjórur í forgrunni á matseðli og einnig fást smurbrauð og kaffiveitingar. Ægir Friðriksson, yfirkokkur staðarins, mun ræða við gesti og gangandi um pörun matar og drykkjar. Garðskálinn er hefur nýverið hafið göngu sína í Gerðarsafni og er rekið af hjónunum Ægi Friðrikssyni og Írisi Ágústsdóttur. Íris er innanhúshönnuður, sem hefur mótað útlit staðarins, og Ægir margverðlaunaður matreiðslumeistari sem hefur meðal annars verið yfirkokkur á Kaffi Flóru og Hótel Reykjavík Natura og Satt.

## **Molinn ungmennahús**

19:30-23:59

### **„Lifandi Listsasmiðja í Molanum“**

Listsköpunar- og menningarviðburður þar sem ungmenni úr starfsemi Molans taka gesti með sér inn í menningarheim ungs fólks. Kaffiveitingar og spjall við ungt listafólk

20:00

## **Local Kópavogs Jazzband**

Samsuða af gríðarlega hæfileikaríku tónlistarfólki úr ýmsum áttum mun spila nokkur vel valin jazzverk yfir kvöldið.

## **Matrika Studio**

kynnir silkiþrykk þrúntun og fá gestir og gangandi að fræðast og prufa að þrykkja yfir kvöldið. Hægt verður að kaupa boli og pappír á lágu verði og þrykkja á.

Glerlistaverk eftir Tryggva Þór Pétursson verða til sýnis en hann hannar undir merkinu Glerhaus.

21:00

## **Local Kópavogs Jazzband**

Heldur áfram að með jazzinn.

22:00

**I thought it was brilliant, a fantastic performance !“ – Henrik Vibskov“,**

Hinn víðförli og frægi fjöllistahópur CGFC flytur leikverkið „ I thought it was brilliant, a fantastic performance !“ – Henrik Vibskov“, sem er byggt á Skuggasveini eftir Matíhas Jochumson.

22:45

### **Á Vatnsenda**

Halldóra Ósk Helgadóttir og Baldvin Snær Hlynsson leika nokkur vel valin lög af nýrri plötu þeirra „Á Vatnsenda“.

### **Salurinn**

21.00

### **Tónlistarmyndbönd og opinn bar í forsal Salarins á Safnanótt**

Salurinn og Tónlistarsafn Íslands bjóða upp á sýnishorn af því myndbandasafni sem Tónlistarsafnið hefur tekið upp á tónleikum í Salnum undanfarin ár. Dagskráin hefst kl. 21:00 í forsalnum. Tónar, myndbönd og opinn bar.

### **Bókasafn Kópavogs**

19.00-23.00

#### **Rattleikur**

Komdu á þeysireið um bókasafnið þar sem þekking, útsjónarsemi og snerpa koma í góðar þarfir. Eltu vísbendingarnar um allt hús og skilaðu svo miða í kassa á lokastöðinni. Dregið verður úr réttum lausnum rattleiksins klukkan 23:30 og vegleg bókaverðlaun í verðlaun. Og mundu: Ef illa gengur við ráðningu þrautanna vill svo vel til að húsið er fullt af sérfræðingum í upplýsingaleit sem vilja ólmir aðstoða!

19.00

#### **Spilavinir**

Gleði-sleðarnir úr Spilavinum bjóða til betri stofunnar þar sem hægt verður að slaka á, hlæja og kynnast nýjum og spennandi spilum fyrir fólk á öllum aldri.

19:15/20:00

#### **Einar einstaki með töfrabrogð**

Í barnadeildinni á þriðju hæð Bókasafnsins mun hinn skemmtilegi Einar einstaki, töframaður, skemmta börnum og fullorðnum með ýmis konar töfrabrogðum.

Einar er einn af okkar yngstu atvinnutöframönnum og hefur það að leiðarljósi að þeir sem koma á sýningar hjá honum skemmti sér sem allra best. Hnn reynir að nota hluti

sem eru til á flestum heimilum við sín töfrabrogð svo að þeir sem hafa áhuga geti prófað sjálfir þegar þeir koma heim.

20-22:00

### **Sirry spá í heita pottinum**

Sirry spá skyggist inn í framtíðina fyrir gesti safnanætur í Heita pottinum á annarri hæð Bókasafns Kópavogs. Sirry hefur getið sér gott orð sem spákona og hefur verið á Safnanótt í Bókasafni Kópavogs undanfarin ár. Þar sem Sirry spá er mjög vinsæl þarf að skrá sig fyrir fram hjá henni, skráning hefst kl. 19:00 á Safnanótt.

20.00-23.00

### **Fatamarkaður**

Við opnum iðandi markaðstorg á annarri hæðinni þar sem munu gefast tækifæri til að gera kostakaup á notuðum fötum. Allir velkomnir – og verið ekki hrædd við að prúttu.

21.00

### **Forvitnir fiktara athugið!**

Vélmennin Dash og Dot verða ásamt vinum sínum Ollie, Sphero, og Makey Makey á jarðhæðinni og taka vel á móti ykkur!

Forvitnir fiktara fá að prófa að stjórna vélmennunum, leysa þrautabrautir úr bókum og sýnikennslu í hvernig þau eru forrituð. Í heimi tækninnar er allt hægt!

22.00-23.00

### **Edda lætur gaminn geysa**

Edda Björgvinsdóttir er ekki þekkt fyrir að tala neina tæpitungu og hún mun sleppa fram af sér beislinu í Kórnum á Bókasafni Kópavogs. Komið snemma – það verður allt stappað á þessari upptöku.

23.00

### **Björn Thoroddsen**

Björn Thoroddsen leikur djass fyrir menningarsadda gesti Safnahússins, en tónleikar hans verða fullkominn endir á kvöldinu.

### **Náttúrufræðistofa Kópavogs**

20:00

**Undur Íslands: Hvernig hefur vitneskja um dýralíf landsins breyst í tímans rás?**

Í erindi Finns Ingimarssonar verður fjallað um dýrategundir sem nefndar eru í gömlum íslenskum heimildum (Landnáma, Snorra-Edda, Undur Íslands) og hvenær þessar tegundir koma fyrst fram. Efnið verður tengt sígildum spurningum tengdum þekkingarleit og stöðu þekkingar í fortíð og nútíð.

Dýr í gömlum íslenskum heimildum: Þekking landsmanna á dýralífi Íslands hefur breyst mikið í gegn um tíðina. Til sýnis verða valdar dýrategundir sem nefndar eru í gömlum heimildum og við þekkjum í dag. Spáð verður í nafngiftir dýranna og ýmsar hugmyndir sem menn höfðu um lífsferla þeirra.

Horft til himins: Ef veður leyfir verður horft til himins af svölum Safnahússins og svipast um eftir stjörnumerkjum og stökum himintunglum.

## **Héraðsskjalasafn Kópavogs**

### **Munir úr byggðasögu Kópavogs**

Á Safnanótt sýnir Héraðsskjalasafn Kópavogs samstarfi við Sögufélag Kópavogs margvíslega muni sem tengjast byggðasögu Kópavogs, til dæmis fyrstu skólajöllum í Kópavogi, ljósmyndavél frá því fyrir 1940 frá Fífuhvammsfólkinu og handverkfæri frá Guðmundi Gíslasyni bókbindara, frumbyggja í Kópavogi og starfsmanni bæjarskrifstofanna til fjölda ára. Ennfremur verður sýning á ljósmyndum í vörslu safnsins, einkum úr safni Sigurðar Einarssonar útvarpsvirkja.

## **Sundlauganótt í Kópavogi**

**Frítt er í sundlaugarnar í Kópavogi frá 16 til miðnættis á sundlauganótt.**

### **Salalaug**

18.00: Í útilauginni verða kertaljós og kósíheit frá 18:00 til miðnættis og spiluð verður rómantísk tónlist á bakkanum (ef veður leyfir).

20.00

Í innilauginni verða tveir endurnærandi viðburðir. Klukkan 20:00 verður boðið upp á jóga í vatni undir handleiðslu Arnbjargar Kristínar Konráðsdóttur og á staðnum verður plötusnúður sem spilar sérstaka jógatónlist.

20:30 verður svo í boði Samflot undir seyðandi tónum gongsins, flotbúnaður verður lánaður gestum án endurgjalds en takmarkaður fjöldi er í boði.

### **Sundlaug Kópavogs:**

20:00 Aqua Zumba. Geggjað stuð í Aqua Zumba hjá hinni reyndu Tanyu frá Heiluskóla Tanyu. Þetta er góð og holl hreyfing fyrir alla, unga jafnt sem aldna, undir taktfastri tónlist.

21:00 Ragnheiður Gröndal. Ragnheiður Gröndal syngur íslenska, flæðandi og sundvæna tónlist, við undirleik Guðmundar Péturssonar gítarleikara.